

Samkomulag um aukna byggðafestu á Breiðdalsvík

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 400 þorskígildistonna aflamarki árlega fiskveiðiárin 2017/2018, 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022 og 2022/2023 auk mótframlag samstarfsaðila Byggðastofnunar skv. grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Breiðdalsvík. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila á Breiðdalsvík og Djúpavogi dags. 12. september 2017 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar þann 26. október 2017.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt. 450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Gullrún kt.560312-1210, Sæbergi 15, Breiðdalsvík
- Goðaborg kt.630913-1280, Sæbergi 15, Breiðdalsvík
- Grænnípa kt.660411-0890, Engihlíð, Breiðdalsvík
- Búlandstindur kt.680999-2289, Bakka 4, Djúpavogi

1.

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu á Breiðdalsvík. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Breiðdalsvík.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2017/2018, 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022 og 2022/2023 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Úthlutun vegna nýs fiskveiðiárs hefst ekki fyrr en staðið hefur verið við skuldbindingar næsta fiskveiðiárs á undan. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Gullrún og Grænnípa eru útgerðir á Breiðdalsvík sem munu sjá um hráefnisöflun fyrir vinnslu Goðaborgar sem síðan áframsendir fisk til Búlandstinds á Djúpavogi. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda sem tilgreindur er í umsókn félaganna dags. 12. september 2017.

4.

Byggðastofnun leggur til 400 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna að minnsta kosti 800 tonn af bolfiski ár hvert. Leitast verður við að auka vinnsluna jafnt og þétt, bæði með því að bæta við það magn sem flakað er á staðnum og eins með sérvinnslu á aukaaufurðum. Samningaaðilar eru sammála um að eftir lok fiskveiðiársins 2018/2019 verði vinnsluáagn í samningnum endurskoðað.

5.

Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

EG

RN

DE

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr. 9.grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:


1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 12. september 2017
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Breiðdalsvík með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dagsett 5. Desember 2017.
3. Samkomulag milli Goðaborgar ehf. og Búlandstinds ehf. um kaup á fiski.


Breiðdalsvík 6. desember 2017


BYGGÐASTOFNUN

f.h. Byggðastofnunar



020481-2939
f.h. Gullrúnar ehf.



020481-2939
f.h. Goðaborgar ehf.


f.h. Grænnípu ehf.


f.h. Búlandstinds ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)


200490-2589


300691-2699